



Kona með vindinn í andlitið
Skynjun á umhverfi út frá habitus og hlutverki

Linda Friðjónsdóttir

Lokaverkefni til BA-gráðu í mannfræði

Félagsvísindasvið



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Kona með vindinn í andlitið
Skynjun á umhverfi út frá habitus og hlutverki

Linda Friðjónsdóttir

Lokaverkefni til BA-gráðu í mannfræði
Leiðbeinandi: Guðlaug Tinna Grétarsdóttir

Félags- og mannvísindadeild
Félagsvísindasvið Háskóla Íslands
Júní 2013

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA-gráðu í mannfræði og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© Linda Friðjónsdóttir 2013

Reykjavík, Ísland 2013



Útdráttur

Í þessu verkefni, sem samanstendur af ritgerð og kvikmynd, er fjallað um samspil habitus, hlutverks, og skynjunar. Í ritgerðinni fjalla ég um grunnhugtök verkefnisins og kenningarlegan bakgrunn og geri grein fyrir kvikmyndinni sem er unnin á lítilli eyju við Noregsstrendur sem heitir Feøy. Kvikmyndin er unnin upp úr samtali við eyjaskeggja um skynjun þeirra á nánasta umhverfi. Í ritgerðinni er gerð grein fyrir ólíkum áhrifaþáttum þegar kemur að skynjun svo sem bakgrunni og ólíkum hlutverkum einstaklinga. Greint er frá sjónrænni mannfræði og mannfræði skynjunar og fjallað er um efni og aðferðarfræði kvikmyndarinnar. Í kvikmyndinni er leitast við að fara óhefðbundnar leiðir til að skapa rými skynjanna með hljóði og mynd.



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Efnisyfirlit

1. Inngangur	6
2. Kenningarlegur bakgrunnur.....	8
2.1. Sjálfið - habitus	8
2.2. Hlutverk og sjálfsmynd.....	11
3. Hlutverk, habitus og skynjun.....	13
4. Mannfræði skynjunar	16
5. Sjónræn mannfræði og miðlun skynjunar	19
6. Kvikmyndin; Konan með vindinn í andlitinu.....	21
7. Lokaorð	24
8. Heimildarskrá.....	25

1. Inngangur

Viðfangsefni þessa verkefnis sem samanstendur af þessari ritgerð og kvikmynd er samspil habitus, hlutverks og skynjunar, hvernig þessir þættir hafa áhrif hver á annan og vægi þeirra í daglegu lífi. Kvikmyndin er unnin í mínum nýju heimkynnum, á lítilli eyju sem ber nafnið Feøy rétt fyrir utan bæinn Haugesund í Noregi. Samfélagið er mjög lítið eða ekki nema um 40 íbúar allt árið um kring en margfaldast þó yfir sumartímam þegar sumarhúsafólkið kemur til að njóta lífsins í nánd við náttúruna. Ég hef verið búsett á eyjunni í tæp tvö ár og hef ég orðið vör við hvernig vera mín þar hefur haft umtalsverð áhrif á bæði sjálfa mig og skynjun mína. Nándin við náttúruna er mun meiri en gengur og gerist í borgarsamfélögum. Ég líkt og aðrir eyjaskeggjar finn fyrir vanmætti mínum gagnvart náttúruöflunum, veðri og vindum, sem geta hindrað ferðir milli lands og eyjarinnar svo dæmi sé tekið. En maður lærir að lifa með náttúrunni og njóta hennar í stað þess að líta á hana sem hindrun. Bátsferðir frá fastalandinu yfir á eyju er ferðalag frá streitu, klið og hávaða borgarumhverfisins. Í bátnum, með vindinn í andlitið, fyllist maður tilhlökkun að fara út í eyju, endurheimta kyrrðina, þögnina og ölduniðin í fjarska.

Samskipti við eyjaskeggja, sem eru innbyrðis mjög ólíkir draga einnig fram áður óþekktar hliðar á sjálfri mér. Í litlu samfélagi er vægi hvers einstaklings mikið. Hver og einn hefur ákveðið hlutverk og þau hlutverk eru þeim mun greinilegri eftir því sem smærra samfélagið verður. Fólk virkar vingjarnlegra, umburðalyndara og hjálpsamara en ég hef áður kynnst í stærri samfélögum, þar sem þú treystir aðallega á fjölskyldu, vini og kunningja. Samfélagið á eyjunni minnir helst á stórfjölskyldu þar sem allir eru tilbúnir að hjálpa til ef þeir hafa tæk á.

Ég er ekki sú sem ég var áður en ég kom hingað enda hafa hlutverk mín í lífinu breyst heilmikið. Skynjun mín og verund í heiminum hafa tekið ótrúlegum stakkaskiptum. Ég sé lífið í nýju ljósi, horfi á náttúruna með öðrum augum og finn fyrir henni á annan hátt en ég gerði áður en ég kom hingað. En hvað er það sem fær manneskju til að búa á svona stað? Breytist skynjun og þá hvernig? Hvað er það sem hefur áhrif á skynjun fólks? Eru það fortíð, nútíð eða framtíð? Þessum spurningum mun ég leitast við að svara í þessu verkefni. Í ritgerðinni fjalla ég fræðilega um grunnhugtök verkefnisins og kenningarlegan bakgrunn, sjónrænar aðferðir og miðlun og geri einnig grein fyrir kvikmyndinni *Kona með vindinn í andlitið*.

Ég byrja umfjöllun mína á að ræða hugtak Bourdieu habitus sem hefur verið íslenskað sem félagslegur veruháttur (Guðbjört Vilhjálmsdóttir og Guðmundur B. Arnkelsson, 2005). Hugtakið felur í sér félagslega og sögulega mótaða hæfni einstaklinga til að takast á við nútímann. Því næst mun ég fjalla um hugtökin sjálfsmynd (e. *identity*) og hlutverk (e. *role*). Ég tel samspil hugtakanna vera þýðingarmikið í umræðunni um skynjun einstaklinga á umhverfi sitt, þar sem ég tel það hafa mikil áhrif á upplifun einstaklinga á því hvaða hlutverki þeir gegna hverju sinni. Ég greini frá hugmyndum fræðimanna á borð við Frederick Cooper og Rogers Brubaker (2005) í tengslum við sjálfsmynd. Í umfjöllun minni um hlutverka hugtakið styðst ég við kenningar Erving Goffmans (1959) þar sem hann lýsir hlutverkum einstaklinga við leikara á sviði. Hlutverk sem einstaklingar gegna hverju sinni og hvernig þessi hlutverk hafa áhrif á einstaklinginn og skynjun hans á umhverfinu.

Í þriðja kafla ritgerðarinnar skoða ég samspil hugtakanna habitus og hlutverka, hvernig þessi hugtök hafa áhrif á hvort annað og áhrif þeirra á verund einstaklinga í umhverfinu. Umræðan varpar ljósi á hvernig einstaklingar upplifa sig út frá bakgrunni sínum og hlutverkum í samfélaginu.

Í fjórða kafla ritgerðarinnar fjalla ég um mannfræði skynjunar. Þar skoða ég hugmyndir David Howes (2005; 2010), Paul Stoller (1984; 1997), Tim Ingold (2000) og Sarah Pink (2003; 2004; 2009; 2010) um skynjun einstaklinga. Hugtakið skynjun mun ég nota til að skoða hvernig einstaklingar upplifa og skilgreina umhverfið og hvernig þeir greina frá því og upplifa sig í daglegu lífi.

Fimmti kaflinn fjallar um sjónræna mannfræði og miðlun skynjunar. Þar greini ég frá þeim miklu framförum og auknum möguleikum sem hafa orðið á þessu sviði miðlunar með vaxandi tækni og aðgengi að henni. Einnig minnst ég á nýjar leiðir sem fræðimenn eru í auknum mæli farnir að nota til að miðla efni sínu. Ég skoða hugmyndir Arnd Schneider og Christopher Wrights (2008) um þessi efni en einnig minnst ég á framlag Kathryn Ramey (2011) og Scott MacDonald (1978). Ég tengi svo þessar hugmyndir inn í sjónræna verkið og greini aðeins frá þeim aðferðum sem ég notaðist við í því.

Í sjötta kafla tek ég fyrir bakgrunn og aðdraganda sjónræna verkefnisins. Ég fékk hugmyndina frá áður unnu sjónrænu verkefni og útvíkka þá hugmynd í gerð þessa verkefnis. Ég greini frá þeim vandamálum sem upp komu í ferlinu og hvernig ég tókst á við þau.

2. Kenningarlegur bakgrunnur

2.1.Sjálfið – habitus

„It is by virtue of the fact that the world lives in us as much as we live in the world that it is pre-given for us in present experience.“

(Ostrow, 2000: 304)

Hugtakið habitus er gamalt heimspekihugtak sem rekja má til Aristótelesar. Orðið habitus er dregið af orðinu hexis, sem þýðir áunnið og jafnframt ákvarðað ástand siðferðilegra eiginleika. Þessir eiginleikar stjórna svo tilfinningum og löngunum okkar í aðstæðum og þar af leiðandi gjörðum okkar. Það var þó ekki fyrr en á þrettánda öld sem hugtakið var tekið og þýtt yfir á latínu sem habitus (Wacquant, 2005: 315).

Pierre Bourdieu er hvað þekktastur fyrir notkun sína á hugtakinu habitus. En hann þróaði hugtakið á sjöunda áratug síðustu aldar og notaði það til að úskýra samspil einstaklingsins og umhverfisins. Í íslensku hefur habitus verið þýtt sem félagslegur veruháttur (Guðbjörg Vilhjálmisdóttir og Guðmundur B. Arnkelsson, 2005: 59). Bourdieu taldi félagslegan veruhátt vera m.a. fyrir hendi meðal einstaklinga og hópa og móta skynjanir, athafnir og hugsanir fólks (Bourdieu, 1998). Hver við erum, hvernig við berum okkur líkamlega og tjáum okkur mótast í samspili okkar við umhverfið. Samkvæmt Bourdieu lifir heimurinn í okkur jafn mikið og við lifum í heiminum. Samkvæmt honum vísar habitus einstaklingum í verund þeirra sem verður til í félagslegum tengslum og reynslu sem í kjölfarið leiðir og mótar skynjun, viðhorf og hegðun einstaklinga (Wacquant, 2005: 316; Navarro, 2006: 16). Bourdieu lýsir jafnframt habitus sem tilhneigingu til að haga sér á ákveðinn hátt við ákveðnar aðstæður. Habitus er skilið sem viðvarandi ástand einstaklinga en færist jafnframt á milli staða með einstaklingnum og felur einnig í sér eldri reynslu hans. Habitus er ávallt til staðar og er síbreytilegt fyrirbæri í rými skynjunar, athafna og umhverfis (Bourdieu, 1977: 82 -83).

Í grein Raymond W.K. Lau „Habitus and the Practical Logic of Practice: An Interpretation“, segir hann Bourdieu ekki vera upphafsmann hugmyndarinnar um habitus. Lau segir hugtakið habitus byggja á hugmyndum frá heimspeki- og fyrirbærafræðingnum Edmund Husserl og fyrirbærafræðingnum Maurice Merleau-Ponty (Lau, 2004: 374 og 376). Husserl (1973; 1989) leggur áherslu á að fyrri reynsla

einstaklinga hafi áhrif á væntingar sem byggja á innsæi (e. *intuitive expectations*) þeirra eða raunhæfar eftirvæntingar (e. *practical anticipations*), sem vísa í skilning á því sem koma skal eða möguleikum. Þessi skynjun (e. *sense*) er síðan partur af nútíð einstaklinga og hvernig þeir lifa í heiminum. Hvernig einstaklingar upplifa heiminn og túlka hann án þess að nota gangrýna hugsun öllum stundum. Husserl segir habitus því vera náttúrulegt atferli sem er ómeðvitað en getur orðið meðvitað á vissum tímamarkum í lífinu (Lau, 2004: 376). Hugmyndir Merleau-Ponty byggja aftur á móti á samspili einstaklings og umheimsins fyrir tilkomu meðvitaðs sjálfs sem myndast síðar á lífsleiðinni. Samkvæmt hugmyndum hans á þetta ekki eingöngu við um ungbörn heldur er þetta samspil í gegnum allt lífið og kallar hann það „að vera í heiminum“ (e. *being-in-the-world*)(Lau, 2004: 374).

Þeir sem þekkja vel til verka Bourdieu greinir oft á um hvernig Bourdieu notaði hugtakið sjálfur (Swartz, 1997: 96). Fræðimenn eru þó sammála um að habitus sé ekki tilkomið af ákveðnu fyrirkomulagi eða frjálsum vilja, heldur er það samspil þessara tveggja þátta yfir langan tíma. Liðnir atburðir og formgerð samfélagsins hafa einnig mikla þýðingu sem hefur áhrif á núverandi gjörðir og verund einstaklingsins. Hvernig hann upplifir hlutina og hvernig hann bregst við ákveðnum aðstæðum. Að þessu leyti er habitus skapað ómeðvitað án allrar vitundar einstaklingsins (Bourdieu, 1984: 170). En þessi útfærsla hans svipar til hugmynda Merleau-Ponty.

Margræðni hugmynda Bourdieu um habitus er umdeild ekki síst hvernig hann þróar það frá hinum upphaflegu hugmyndum hans um vitsmunalegar víddir yfir í líkamlegt ástand. Í skrifum Bourdieu má rekja þetta ferli en þar segir hann habitus vera „félagslega prentað inn í líkamann“, „ástand líkamans“ sambærilegt við „vélrænt kerfi og vélrænn líkami (án hugsana og tilfinninga)“ (Bourdieu, 1990a: 68-9, 104; 1990b: 63).

Að mati Lau (2004) er hugtakið habitus í meðförum Bourdieu hlaðið ósamræmi og margræðni. Til að takast á við þessi vandamál leitar Lau í hugmyndir Merleau-Ponty og Husserl. Lau telur ekki að hugtakagreina (e. *conceptualize*) eigi habitus sem líkamlega sjálfgefið (e. *corporeal automatism*) heldur ávallt verandi í takti við reynslu sem mótar skilning einstaklingsins (2004: 370).

Lau (2004) hefur að vissu leyti betrubætt hugtakið en hann telur það eingöngu vera tímabundið enda telur hann að hægt sé að finnúsa það enn frekar. Lau telur nauðsynlegt að skipta habitus í þrjá flokka. Fyrstur er sá sem heyrir til grundvallar trúar, óhugsaðrar forsendu eða einhvers sem er ófyrirséð og tekið sem sjálfsagður

hlutur. Þetta vill hann kalla trúarforsendu (e. *belief-premises*). Í öðrum flokki talar hann um skilning og þakklæti, sem hann vill kalla skilningsþakklæti (e. *perception-appreciation*). Þriðji flokkurinn er lýsandi hefðbundin hagnýt skynjun. Þann flokk vill hann kalla skynjun á möguleikum (e. *sens of possibilities*) út frá hugmyndum Husserl sem sjá má hér að ofan. Eins og komið hefur fram eru þessir flokkar samofnir og geta haft áhrif hver á annan. Þeir gagnast þó allir til að greina habitus sem raunhæfa skynjun (e. *practical sense*) fyrst og fremst (Lau, 2004: 377).

Habitus verður því til í félagslegu kerfi frekar en einstaklingsbundnu. Það leiðir svo til hegðunar og hugsanamynsturs sem er ómeðvitað. Habitus er sífellt verandi en einnig breytilegt í tíma og rúmi og er því ekki varanlegt heldur síbreytilegt ástand sem þróast við breyttar aðstæður og yfir tíma (Navarro 2006: 16). Fleiri fræðimenn hafa fjallað um skyld hugtök eins og t.d. John Dewey sem setti fram hugtakið habit. Hugtakið segir hann grundvalla hegðun og reynslu en ekki einungis viðbragð eða hegðun sem hefur tilhneigingu til að endurtaka sig. Dewey notar hugtakið habit til að úskýra samspil upplifunar sjálfsins og upplifunar tilgangs. Í þessari útskýringu vill hann meina að habit sé ekki eitthvað sem notað er til að úskýra ákveðna hegðun eða tilhneigingu sem endurtekur sig, líkt og Bourdieu aðhyllist. Hann telur hugtakið frekar ná yfir megin ástæðu hegðunar og skynjunar eða sé fyrirsjáanlegt. (Ostrow, 2000: 303).

Hugmyndir Husserl, Dewey, Merleau-Ponty og Bourdieu hafa sýnt fram á að merking flæðir einfaldlega ekki í gegnum reynslu. Heldur hafi hún varanlegan kraft í gegnum meðvitaða minningu. Þannig hefur reynsla fortíðar áhrif á nútíðina (Ostrow 2000, 317 -318). Enda þótt þessir fyrrnefndu fræðimenn greini á um marga hluti eru þeir þó á eitt sáttir um að fortíðin hefur áhrif á nútíðina. Allt sem einstaklingar hafa gengið í gegnum á lífsleiðinni hefur áhrif á það hverjir þeir eru og hvernig þeir bregðast við ákveðnum aðstæðum í nútímanum. Þó svo að upplifun hvers og eins sé ólík þá er samt hægt að sjá mynstur hjá þeim sem hafa svipaðan bakgrunn eða koma úr svipaðri menningu.

Hvort sem um er að ræða sýnilega eða ósýnilega, meðvitaða eða ómeðvitaða hluti og upplifanir er það lykilatriðið að allt hefur þetta áhrif á mótun fólks sem einstaklinga. Lífið og upplifun einstaklinganna móta þá eins og óbrenndan leir sem er í sífelldri mótun. Engir tveir skúlptúrar geta orðið eins á einhverjum tímamarki. Þrátt fyrir að útkoman virðist vera svipuð er ferlið að útkomunni aldrei það sama. Ólíkir

einstaklingar byggja samfélagið og hafa áhrif á það en að sama skapi hefur samfélagið einnig áhrif á einstaklingana.

Við sem þáttakendur í nútímasamfélagi gleymum oft að staldra við og hugsa út í það hvaðan við komum og hvað það er sem hefur gert okkur að þeim manneskjum sem við erum í dag. Í myndinni sem fylgir þessu verkefni langar mig að velta þessari hugmynd upp. Líta meðal annars aftur til fortíðar og skoða hvað það er sem hefur mótað mig sem manneskju og gert mig að þeim einstakling sem ég er í dag. Þegar litið er aftur í tímann er gott að styðjast við einhver haldbær gögn líkt og ljósmyndir eða annað áþreifanlegt efni sem kallar fram minningar. Minni er þó brögðult þar sem minningar eiga það til að breytast með tímanum. Það er því ekki alltaf áreiðanlegt.

Fortíð og uppsöfnuð reynsla er þó ekki eini áhrifaþáttur skynjunar heldur skipta sjálfsmynd og hlutverk einstaklinga einnig miklu máli og mun ég skoða það í næsta kafla sem fjallar um hlutverk og sjálfsmynd einstakina.

2.2. Hlutverk og sjálfsmynd

Samfélagið sem við búum í samanstendur af óteljandi flokkunarkerfum. Það skiptir litlu máli hvort um er að ræða einstaklinga, vöru eða þjónustu. Allt er flokkað á einhvern máta. Þetta er leið nútíma samfélags og ráðamanna þess til að láta hlutina ganga upp. Félagsfræðingurinn Craig Calhoun segir flokksbundna samsömun hafa öðlast aukið mikilvægi innan nútíma samfélaga heldur en áður (Calhoun, 1997: 36). Við sem einstaklingar notumst við flokkunarkerfi til að skilgreina okkur, bera okkur saman við aðra og draga ályktanir út frá því hvaða flokkum við tilheyrum.

Til að skoða hvernig einstaklingar upplifa sjálfa sig í samkiptum við aðra er vert að notast við hugtökin sjálfsmynd (e. *identity*) og samsömun (e. *identification*). Hugtakið sjálfsmynd (e. *identity*) er mjög flókið fyrirbæri. Þar sem það er talið margþætt og mjög vítt hugtak. Það er margnotað af fræðimönnum á öllum sviðum akademíunnar (sjá Bourdieu 1980, Braudel 1988-1990, Giddens 1991, Lévi-Strauss 1977, Sen 1985, Tilly 1996, White 1992). Hugtakið er einnig margumdeilt þar sem það virðist skorta aðgreiningu og þurfa að vera hnitmiðaðra.

Frederick Cooper og Rogers Brubaker (2005) velta fyrir sér hugtakinu sjálfsmynd í bókinni *Colonialism in Question*. Þar fjalla þeir um hversu víðtækt hugtakið er í núverandi mynd og koma með nokkur dæmi máli sínu til stuðnings. Til að mynda tala þeir um að hugtakið sé notað til að skoða sjálfsskilning einstaklinga (e. *self-*

understanding) frekar en sjálfsáhuga (e. *self-interest*). Þeir benda einnig á að hugtakið sé oft notað til að skilgreina einsleika (e. *sameness*) milli einstaklinga. Í framhaldi af því má svo skilgreina stöðu þeirra innan samfélagsins (e. *social location*) út frá kyni, bakgrunni, kynþætti og fleiru. Einnig hefur verið notast við hugtakið til að skilgreina ákveðna hópa innan samfélags og hvernig einstaklingar flokka sig innan þeirra (Cooper og Brubaker: 65 -66).

Það eru ekki allir á eitt sáttir með þessa fjölbreytni og hina víðtæku merkingu hugtaksins sjálfsmynd (e. *identity*). Til að greina enn frekar frá þessu tala Cooper og Brubaker um sterka og veika merkingu. Sterka merkingin á að vernda hina almennu vitneskju um inntak hugtaksins. Það er að segja að sjálfsmynd sé eitthvað sem einstaklingar og hópar „hafa, eiga að hafa eða leita eftir“, „eitthvað sem allir hópar hafa, ættu að hafa eða leita eftir“ og að sjálfsmynd sé „eitthvað sem allir einstaklingar og hópar geta haft ómeðvitað“ (Cooper og Brubaker, 2005: 67). Þeir telja hinsvegar að veika merking orðsins brjóti í bága við hina sterku merkingu og sé alger andstæða hennar. Með veiku merkingunni er gefið í skyn að hugtakið sé margþætt, óstöðugt, umsemjanlegt og svo óendanlega sveiganlegt að ekki sé í raun hægt að nota það samviskusamlega á fræðilegan hátt (Cooper og Brubaker, 2005: 68). Þeir halda því jafnframt fram að hugtakið sé ofnotað og í raun sé hægt að finna önnur hugtök en sjálfsmynd sem ef til vill eru betur til þess fallinn að útskýra það sem við á hverju sinni. Líklega er þó ekki hægt að taka hugtakið algerlega úr notkun, þar sem það getur verið mikilvægt í einhverjum tilvikum t.d. þegar leitast er við að útskýra upplifun einstaklinga á sjálfum sér og samfélagslegum hlutverkum sem þeir gegna og samspili þessara þátta. Það er þó mikilvægt að skilgreina vel samhengið hverju sinni.

Hugtakið sjálfsmynd hefur til að mynda reynst vel til þess fallið að flokka einstaklinga í hópa innan samfélagsins. Charles Tilly (1998) hefur sýnt fram á að samfélagsleg flokkun hefur mikla þýðingu skipulagslega séð í öllum þjóðfélagsgerðum til að mynda hjá fjölskyldum, skólum, fyrirtækjum, samtökum og svo framvegis.

Hugtakið sjálfsmynd hefur mjög víðtæka merkingu eins og minnst hefur verið á áður einkar áhugaver að skoða hugtakið í tengslum við hugtakið hlutverk (e. *role*). Hlutverk (e. *role*) telst rýmast innan hugtaksins sjálfsmynd þar sem það tekur á hlutverkum einstaklinga og hópa innan samfélags. Framlag Erving Goffman (1959) til hugtaksins hlutverk er mikilvægt. Hann líkir hlutverki einstaklinga og framkomu þeirra í samfélaginu við leikrit og samfélaginu við leiksvið þar sem einstaklingar fara

með ákveðin hlutverk. Hvert og eitt þessara hlutverka hefur fyrirfram ákveðin viðmið sem einstaklingurinn leitast við að uppfylla. Með frammistöðu sinni sýnir „leikarinn“ getu sína í samfélaginu og á vissan hátt speglar hann sig í þessum hlutverkum með frammistöðu sinni. Þannig dregur hann upp ákveðna sjálfsmynd út frá færni sinni í hlutverkaleiknum ef svo má að orði komast (Goffman, 1959: 28 -30). Markmið leikaranna sem iðka hlutverkin er svo að viðhalda þeirri hugmynd sem fyrir er í samfélaginu um viðmið og gildi þeirra hlutverka sem þeir takast á við hverju sinni (Ruby, 2000: 253). Það er þó ekki eingöngu Goffman sem hefur líkt heiminum og hegðun mannsins við leiksvið, heldur hefur fólk gjarnan lýst hegðun fólks í gegnum tíðina í handritaformi, bæði fyrir og eftir daga Shakespeare (Ruby, 2000: 252).

*„All the World's a stage,
And all the men and women merely players:
They have their exits and their entrances;
And one man in his time plays many parts,“
(Shakespeare, 1600)*

Hugtakið Hlutverk gæti verið betur til þess fallið að fjalla um ákveðin félagslega skipuð hlutverk einstaklinga í samfélaginu út frá kyni, þjóðerni, fjölskyldu hlutverki eða öðru í þeim dúr. Með þessi hugtök í forgrunni verður samspil habitus og hlutverks skoðað og hvernig þessir þættir hafa áhrif á skynjun einstaklinga inn á við jafnt sem út á við. Í sjónræna verkefninu mun verða greint frá áhrifum habitusar annars vegar og hlutverks hinsvegar og það skoðað hvernig hugtök þessi eiga ríkan þátt í því að skapa manneskju sem skynveru og skynjun hennar í umhverfinu. Áður en lengra er haldið ræði ég samspil þessa hugtaka í tengslum við skynjun einkum út frá hlutverkahugtakinu.

3. Hlutverk, habitus og skynjun

Líta má svo á að hugtökin habitus og hlutverk séu á vissan hátt tengd þar sem gjörðir okkar í samfélaginu sýna alltaf á einhvern hátt hver við erum meðvitað eða ómeðvitað og hvaða hlutverkum við sinnum. Sem dæmi er hægt að setja hlutina upp

líkt og Goffman og líkja samfélaginu við leiksvið og einstaklingum við leikara í hnutverkum. Á sviðinu setja einstaklingar upp grímur þegar þeir leika ákveðin hnutverk og skýla sér þar af leiðandi bakvið hnutverkið. Við sem einstaklingar erum þó alltaf með einhverja grímu, til að skýla okkur á bak við og einhver hnutverk til að þóknast öðrum eða sjálfum okkur. En þrátt fyrir þessar grímur er sennilegt að viss þáttur eða eiginleiki einstaklingsins skíni í gegnum grímuna og gervið sem viðkomandi hefur sett upp, þar sem habitus einstaklinga er að miklu leyti ómeðvitað og hefur vafalaust áhrif á hvernig einstaklingurinn hagar sér. Hugmyndir um hnutverk í samfélaginu eru nokkuð fast mótaðar en þær eru þó breytilegar milli menningarheima. Samfélagið og einstaklingarnir innan þess hafa skapað þessi hnutverk með þeim viðmiðum og gildum sem þeim fylgja. Líkt og Siegfried Frederick Nadel segir eru það leikarar í hnutverkunum sem skapa staðla (e. *norm*) þeirra (Nadel, 1951: 49). Þar sem habitus er ómeðvitað að mörgu leyti og prentað inn í einstaklinginn, eru það viðmið og gildi undir áhrifum frá habitus sem skapa norm hnutverksins. Hnutverk sem skipuð eru innan fjölskyldu eins og móðir, faðir, systir og bróðir eru allt hnutverk sem fólk hefur kokkuð skýrar hugmyndir um hvernig á að leika. Habitus einstaklinga getur þó haft áhrif á þessar hugmyndir þar sem fyrrum aðstæður í lífi einstaklinga gætu haft gildishlaðin áhrif á þær stöðluðu hugmyndir sem til eru um þessi tilteknu hnutverk. Erfiðar aðstæður heima fyrir eða í samfélaginu, stríðshrjád samfélög, heimili sem skipar aðeins annað foreldrið eða aðrir áhrifaþættir geta haft þau áhrif að hugmyndin um þessi hnutverk sé ekki sú sama og almennt gengur og gerist.

Með þessu móti má meðal annars sjá tengsl hugtakanna habitus og hnutverks. Þar sem fortíðin og fyrri reynsla hafa áhrif á nútíðina og það sem við teljum vera „rétt“ viðmið og gildi, okkar sjálfra, hnutverka okkar og samfélagsins.

Hnutverk hafa verið til frá stofnun samfélagsins og innan þess eru fjölmörg hnutverk. Hvert hnutverk fyrir sig ber með sér ákveðið hegðunarmynstur og væntingar af hálfu einstaklingsins og samfélagsins sem hann þarf að uppfylla. Hegðunarmynstrinu leitast einstaklingurinn við að fylgja til að stinga ekki í stúf við ímyndina um þau ákveðnu hnutverk sem þegar eru rótgróin í samfélaginu. Það má segja að væntingarnar séu bæði félags- og einstaklings mótaðar þar sem þær hafa áhrif á það hvernig einstaklingurinn upplifir sjálfan sig í tengslum við aðra þegna samfélagsins og dregur í kjölfar þess upp ákveðna staðalímynd.

Hver og einn einstaklingur hefur fleiri en eitt hlutverk sem hann þarf að sinna. Þessi ólíku hlutverk eiga það hinsvegar til að skarast á margan hátt, þar sem ólík hlutverk kalla á ólíka hegðun og ábyrgð einstaklingsins í samfélaginu. Það getur því reynst fólki erfitt að samtvinna ólík hlutverk samtímis. Ef illa tekst til hefur þessi færni einstaklinga áhrif út á við, það er að segja hvernig heimurinn sér einstaklinginn og þar af leiðandi hvernig einstaklingurinn sér sig sjálfan og getu sína til að uppfylla þessi ákveðnu hlutverk.

Þegar við gegnum hlutverkum í lífinu hvort sem það er innan fjölskyldu eða úti í samfélaginu þá vitum við nokkurn veginn af félagslega ákvörðuðum stöðlum, hvernig við eigum að haga okkur og til hvers er ætlast af okkur. Þeir sem deila sama hlutverki t.d. móðurhlutverkinu geta leitað ráða innan hópsins um hver viðmið og gildi þessa tiltekna hóps eru. Þegar maður tilheyrir ákveðnum hópi er maður ekki einn. Einstaklingar geta oftast en ekki fundið samsömun með öðrum meðlimum hópsins og leitað ráða hjá þeim, fengið stuðning eða sóst eftir viðurkenningu. Það skiptir fólki máli að hafa aðra í kringum sig sem skilja hvað maður er að fara í gegnum og geta á einhvern hátt skilið viðvarandi ástand og aðstæður. Cooper og Brubaker telja að „Samsömun (e. *identification*) – á sjálfum sér og öðrum – vera eðlislæga (e. *intrinsic*) í samfélagslegu lífi en sjálfsmynd (e. *identity*) í sterkum skilningi [orðsins] er það [hinsvegar] ekki” (Cooper og Brubaker, 2005: 71). Með þessu vilja þeir meina að það sé fólki eðlislægt að flokka sig eftir hópum samfélagsins.

Hlutverk spila nokkuð stóran þátt í því hvernig við skynjum umhverfi okkar. Hvernig við upplifum það og skynjum helst í hendur við hvaða hlutverk við leikum hverju sinni. Þar af leiðandi geta hlutverk haft áhrif á skyn einstaklingsins gagnvart umhverfi sínu. Fólk í ólíkum kringumstæðum og með ólíkan bakgrunn skynjar umhverfi sitt á ólíkan hátt eins og raun allir einstaklingar. Samsömun getur þó verið á skynjun hjá einstaklingum innan sama hóps. Með því er átt við að sem dæmi geta foreldrar með ung börn sem þarf að fylgjast náið með eflaus horft öðruvísi á umhverfið heldur en ef þeir væru án barnanna sem þeir þyrftu annars að fylgjast með. Skynjun fyrir mögulegum hættum sem geta leynst hvarvetna eru eflaust ofarlega í huga foreldranna, meðvitað jafnt og ómeðvitað þegar þau eru með börn sín með sér. Með öðrum skynjun okkar helst í hendur við hvaða hlutverki viðkomandi sinnir hverju sinni. Athyglin beinist að ólíkum þáttum í umhverfinu sem virkja næmni ólíkra skynþátta.

4. Mannfræði skynjunar

Mannfræði skynjunar er ekki ný af nálinni heldur hefur hún verið til í rúmlega tuttugu ár (Howes og Pink, 2010: 334), greinin hefur þó þróast mikið á þessum stutta tíma. Táknfræði skynjunar (e. *sensory symbolism*) var eitt helsta viðfangsefni greinarinnar á fyrstu árunum en hefur síðar þróast út í að skoða upplifanir einstaklinga og skynjun þeirra á samfélaginu (Howes og Pink, 2010: 334).

David Howes (2005), sem löngum hefur verið talinn faðir mannfræði skynjunar, talar um að hugmyndir um skynjun séu í raun mjög vestrænt fyrirbæri og algengt hafi verið áður fyrr að setja skynjanir í flokk með náttúrunni og veðrinu. Hann telur hinsvegar þetta ekki vera réttmæta hugsun þar sem hann álitur skynjun mannsins aldrei hafa verið til í sínu náttúrulega formi. „Manneskjur eru félagsverur og líkt og mannlegt eðli í sjálfu sér er afurð menningar þá er mannleg skynjun það einnig“ (Howes, 2005: 3). Howes bendir þó einnig á að vísindamenn séu farnir að halda því fram að skynjun mannsins sé í raun forrituð í DNA genabanka hans. Það er að segja að hver og einn einstaklingur er fyrirfram forritaður til að skynja hluti á ákveðinn hátt. Hann vill þó meina að þrátt fyrir að skynhættir mannsins séu líffræðilegir þá sé það engu að síður menningin sem mótar það hvernig við notum þessa hæfileika og hvernig við túlkum þær upplýsingar sem við fáum með skynjuninni (Howes, 2005: 5). Með öðrum orðum það er ekki síst menningin, habitus okkar og hlutverk sem móta skynjun og hvernig við túlkun hana.

Þar sem skynjun er nú talin vera félagslegt fyrirbæri er vert að skoða hvernig við upplifum og tjáum skynjun. Eins og Howes (2005) bendir á eru skynfæri okkar og skynjun bundin tungumáli eða eins og hann orðar það „It seem to be the fate of the senses that their astonishing power to reveal and engage should forever be judged and ‘sentenced’ in the court of language.“ (Howes, 2005: 4). Samkvæmt þessu þá er spurningin ekki eingöngu um það hvernig við skynjum heldur hvernig við í raun greinum frá skynjuninni þar sem við erum ávallt bundin í viðjum tungumálsins.

Samkvæmt Howes og Paul Stoller er sjón ráðandi skynfæri í hinum vestræna heimi. Sjónrænt áreiti á Vesturlöndum er nánast hvarvetna og erfitt getur verið að komast hjá því. Stoller (1997) leggur jafnramt áherslu á heyrnina og telur hana einnig ráðandi skynfæri í vestrænum samfélögum, en bendir á að önnur samfélög utan hins vestræna heims leggi frekar áherslu á önnur skynfæri svo sem lykt og snertingu (Stoller, 1997: xv- xvi). Stoller (1984) hefur bent á að gott geti verið að leggja

fræðimenskuna og kenningarlega hugsun til hliðar þegar skynjun er skoðuð. Hann telur mikilvægt að leyfa sér að upplifa augnablikið þegar vettvangsrannsóknir eiga sér stað og segir að þessi aðferð hafi gefið honum tækifæri til að upplifa hluti sem hann hefði annars ekki upplifað (Stoller, 1984: 95, 99- 100). Tim Ingold tekur hinsvegar annan pól í hæðina og telur að fólk eigi að skoða skynjun út frá mannlegri upplifun en ekki samfélagslegum líkönum. Hann telur að með samfélagslegum líkönum sé gengið út frá því að allir einstaklingar skynji á svipaðan hátt (Pink, 2009: 12) líkt og Howes heldur fram. Ingold (2000) talar einnig um að fólk eigi að hætta að einblína á sameiginlega meðvitund samfélagsins og einbeita sér að skapandi viðtölum af upplifunum fólks og orðræðunni í kringum þær (Ingold, 2000: 285). Hann segir túlkun á skynjun geta verið mjög ólíka milli menningarheima þrátt fyrir að upplifun á skynjun geti verið svipuð (2000: 250).

Ingold (2000) er ekki á þeirri skoðun að skipta eigi skilningarvitunum upp í flokka og í framhaldi af því að segja að sum þeirra séu frekar notuð í ákveðnum samfélögum en öðrum. Hann nefnir þá aðallega þá hugmynd að sjón sé aðalskynfæri vestrænnar menningar (Ingold, 2000: 284). Hann einblínir ekki á skynjunina í sjálfri sér heldur hugar hann að því hvernig hún er túlkuð og hvernig henni er miðlað til annarra í gegnum tungumálið og menninguna (Ingold, 2000: 284 -285).

Í stað þess að einblína á flokkun skynfæra og túlkun skynjunar milli menningarheima ættu fræðimenn frekar að skoða hvernig túlkun skynjunar er miðlað í tungumálinu og hvernig frá henni er greint, þar sem samlíkingar og myndlíkingar eru oft notaðar (Ingold, 2000: 285). Sjónrænar samlíkingar eru oftast ekki langt undan þegar útskýra þarf upplifun og skynjun fyrir öðrum (Pink, 2003: 49). Fólk leitast við að finna sameiginlegan grundvöll þar sem hægt er að útskýra persónulega upplifun líka, svo báðir aðilar geti skilið hvað við er átt. Ingold nefnir slík dæmi í bók sinni *The Perception of the Environment*, en þar til að mynda reynir hann að útskýra upplifunina þegar lest fer framhjá honum. Til að reyna að miðla þeirri upplifun sinni notaðist hann við sjónræn og hljóðræn fyrirbæri á borð við þrumur og eldingar, þar sem viðmælandi hans kannaðist við þau fyrirbæri. Lestin skaust fram hjá honum líkt og um eldingu væri að ræða með neista (Ingold, 2000: 285). Með þessu móti finnur hann sameiginlegan grundvöll til að útskýra upplifun fyrir þeim sem ekki þekkja fyrirbærið. Þetta getur reynst þrautin þyngri, til dæmis að útskýra fyrir Afríkubúum hvernig snjór er viðkomu, hljóð og tilfinning sem sýna enn frekar samspil félagslegs umhverfis og náttúru.

Hugmyndir sjónræna mannfræðingsins Sarah Pink (2009) eru afar áhugaverðar þar sem hún hefur verið að gera sjónræn mannfræðiverkefni sem beinast að upplifun einstaklinga af heimilum sínum og sjálfinu. Hugmyndir hennar og aðferðir í þessum efnum eru um margt áhugaverðar og athyglisvert er að sjá hvernig hún fléttar saman sjónræna mannfræði og etnógrafi á fræðilegan og heilsteypnan hátt. Í rannsókn sinni *Sensory home* (2004) kemst Pink að því að það er ekkert eitt form skynjunar yfir annað hafið og tekur hún því undir þær hugmyndir Ingold. Að mati Pink (2009) eru öll form skynjunar virk þegar kemur að því að útlista hvernig fólk upplifir sitt nánasta umhverfi. Það kannast eflaust margir við það þegar ákveðin lykt, hljóð, bragð eða hlutir geta minnt mann á ólíkar persónur eða upplifun og staði sem maður hefur áður komist í „snertingu“ við. Pink segir fólk hafa notast við skynhætti til að skilgreina bæði hreinleika og eigið sjálf í rannsókn hennar á heimilum fólks (2009: 13-14).

Margar af hugmyndum fræðimanna um skynjun byggja að einhverju leyti á hugmyndum franska fyrirbærafræðingsins Merleau-Ponty (1945/1962). Hann taldi að skynjun og tilfinningar ættu sér engin mörk, heldur væru í órjúfanlegum tengslum við umhverfið (Merleau-Ponty, 1945/1962: 219). Hann lagði þar af leiðandi áherslu á að umhverfið hefði ákveðin áhrif á skynjun einstaklinga og með því gæti skynjun breyst eftir aðstæðum og umhverfi hverju sinni (Merleau-Ponty, 1945/1962: 211 og 225). Líkamleg skynjun fyrir honum var hluti af þekkingarsköpun einstaklinga og taldi hann að leiða þyrfti saman þessa tvo þætti, þekkingu og líkamlega skynjun (Merleau-Ponty, 1945/1962: 238). Þar af leiðandi taldi hann einnig nauðsynlegt að skoða hvernig líkami okkar skynjar umhverfi sitt og setur það í samhengi við þá þekkingu sem þegar er til staðar í samfélaginu (Merleau-Ponty, 1945/1962: 224 og 235). Merleau-Ponty gagnrýndi einnig mikið vísindahyggjuna og hugmyndir hennar um hinn endanlega sannleika. Hann lagði áherslu á að skoða ætti upplifanir einstaklinga og taka mið af því hversu ólíkar þessar upplifanir gætu í raun verið innan sama rýmis (Merleau-Ponty, 1945/1962: 220 -222, 231). Við erum öll ólík, tveir einstaklingar á sama stað upplifa ekki verund sína á staðnum á sama hátt.

Ingold (2000) hefur verið upptekin af því að skoða samspil skynjunar og umhverfis og bendir á að það sé vert að skoða hvernig líkaminn er hluti af lífheiminum, samspil hans við menn og hluti, samspilið við hugann og þær félagslegu og líkamlegu upplifanir sem eiga sér stað í lífi hans og athöfnum. Þetta margþætta samspil er það sem til að mynda skapar einstaklinginn og tilveru hans (Ingold, 2000: 171). Að mati Karen Kosik er það einstaklingurinn sem félagslega söguleg afurð sem

býr til sinn eigin raunveruleika. Í þessum sjálfskapaða raunveruleika skilgreinir hann svo skynjunina út frá sinni mannlegu verund í heiminum (Kosik, 1976: 75).

Howes (2005) segir að þrátt fyrir að skynjun sé einstaklingsbundin, sé hún samt sem áður ávallt bundin við samfélagsleg viðmið (Howes, 2005: 5). Hafa ber í huga að þegar tvær persónur koma saman og hlutverkaleikur fer í gang breytist umhverfið og andrúmsloftið í kjölfarið. Þeir sem skapa með okkur andrúmsloftið hverju sinni hafa einnig áhrif á skynjun okkar á umhverfinu, svipað og hugmyndir Pink (2009) um „etnógrafískan stað“ sem ég mun ræða hér nánar á eftir. En það er sá staður sem rannsakandi og viðmælandi skapa sér í sínum samskiptum (2009). En hvernig er hægt að miðla þessu samspili skynjunar og umhverfisins? Í næsta kafla ræði um sjónræna mannfræði, miðlun skynjunar og hvaða aðferðafræði ég nýtti mér við gerð sjónræna hlutans.

5. Sjónræn mannfræði og miðlun skynjunar

Sjónræn mannfræði hefur fengið aukinn byr síðustu árin. Aukin tækni hefur gert það að verkum að hinn venjulegi einstaklingur í hinum vestræna heimi getur tekið upp hljóð og mynd og deilt afurð sinni með milljónum manna á veraldarvefnum. Þess háttar þróun var partur af sýn franska mannfræðingsins Jean Rouch (1974, 43-44). Rouch var brautryðjandi sjónrænnar mannfræði og vann fjöldan allan af kvikmyndum í nánú samstarfi við þá sem hann rannsakaði. Á sjöunda áratug síðustu aldar lagði Rouch, sem var undir miklum áhrifum kvikmyndagerðamannanna Dziga Vertov og Robert Flaherty, grunninn að því sem hann kallaði þátttökukvikmyndun (e. *participatory cinema*). Þar lagði hann áherslu á náð samstarf mannfræðingsins og þátttakenda rannsóknarinnar við gerð myndanna (Rouch, 1971/1978: 7). Rouch sá fyrir sér að með þróun tækninnar, með léttari og meðfærilegri tækni yrði hægt að setja myndavélina beint í hendur viðmælandans og gera mannfræðinginn, í bókstaflegri merkingu, þar með sýnilegan í verkinu (Rouch, 1974: 43-44). Þessar aðferðir við miðlun upplýsinga hafa verið að færa sig upp á skaftið í mannfræðinni ásamt öðrum margmiðlunarleiðum sem nútíma tækni býður uppá.

Með því að miðla etnógrafiunni í mynd er unnt að ná til breiðari markhóps en með rituðum texta sem gjarnan er gefinn út innan þröngs hóps fræðimanna. Margir fræðimenn eru óhræddir við að fara nýjar og óhefðbundnar leiðir í birtingu á efni sínu. Myndmál byggir á annarskonar tungumáli en skrifaður text og myndræn miðlun

kallar á aðrar aðferðir og þekkingu. Bruno Latour hefur bent á að með því að notast við myndmiðilinn erum við að miðla heiminum í þrívídd en ekki í tvívídd eins og gert hefur verið í gegnum árin með textaforminu (Schneider og Wrights, 2006: 13). Með þessu nýja miðlunarformi sem skapast við þessar óhefðbundnu aðferðir geta opnast nýjar leiðir til að miðla og rannsaka ýmsa þætti menningarinnar á fjölbreyttari hátt og fleiri vegu.

Myndræn miðlun í fræðunum hefur, í gegnum tíðina, þó vakið upp gagnrýni ekki síst fyrir að þykja ekki viðurkennd vísindi og fremur tengd listum og tilfinningum. En eins og Schneider og Wright benda á þá sé það mikilvægt að fræðimenn tileinki sér nýja tækni í takti við notkun samfélagsins á nýjum miðlunarleiðum. Þó samspil listar og mannfræði sé ekki nýtt af nálinni þá eins og Kathryn Ramey (2011) bendir á tilheyrir myndformið ennþá umdeildum stað milli akademíunnar og listarinnar (2011: 269).

Óhefðbundin framsetning í sjónrænu formi er aðallega gagnrýnd fyrir að vera ekki nógu fræðileg. Fræðilegi þáttur efnisins er oft óljós í sjónrænni framsetningu en greinar, minnispointar og bækur eru ritaðar samhliða til að gera honum skil. Margir þeirra fræðimanna sem fara sjónrænu leiðina leitast við að skapa umræðu og samræðu við áhorfandann og oft á tíðum er það ekki síst það samtal sem er hvað mikilvægasti þáttur í úrvinnslu efnisins. Haft er eftir Scott MacDonald (1978) að til að efla skilning á sjónrænni framsetningu þurfi bæði kvikmyndagerðarmaðurinn og áhorfandinn að leggja sitt af mörkum. Kvikmyndagerðarmaðurinn eða í þessu tilfalli mannfræðingurinn leggur til hugsun og vinnu í verkið á meðan áhorfandinn þarf að vera upplýstur og eftirtektarsamur. Þessi samkipti eru mikilvæg því það er einmitt í gegnum tengsl verksins og áhorfandans sem merking verksins verður til (MacDonald, 1978: 8). Í samanburði við texta lesandans eru gerðar annarskonar kröfur til áhorfenda myndefnis. Þau samskipti sem eiga sér stað með myndrænni miðlun eru til þess gerð að skapa þekkingu og vitundarvakningu í gegnum upplifun og skynjun á myndefninu í gegnum ólík skynhrif. Áhorfandinn nemur samtímis myndir, texta, raddir og önnur margvísleg hljóð eins og tónlist.

Í vekefni sem fjallar um skynjun og umhverfi átti það vel við að nota myndmiðilinn. Við vinnslu sjónræna verkefnisins skipti það miklu máli að ná að miðla skynjun þátttakenda á eyjunni, þar á meðal minnar eigin. Við gerð verksins sæki ég í hugmyndir Schneider og Wright þar sem þeir tala um að þeir leitist við að skapa tilverustað, þar sem áhersla er lögð á tilfinningar og upplifun (Schneider og

Wright, 2006: 9). Í sjónræna verkinu *Kona með vindinn í andlitið* var leitast við að skapa stað fyrir samspil tilfinninga og skynjunar, líkt og Antony Gormley leitaðist við að skapa stað tilfinninga í verkum sínum (Schneider og Wrights, 2006: 9). Tilfinningar tengjast hlutverkum okkar og skapast meðal annars af habitus. Þessar tilfinningar hafa bæði áhrif á skynjun einstaklingsins og hvernig hann upplifir umhverfið. Það getur þó reynst þrautin þyngri að miðla þessum upplifunum vegna þess að þær eru einstaklingsbundnar og persónulegar. Aðgengilegra þótti því að skapa þennan stað skynjunar í myndrænu formi en í fræðilegum texta.

Eins og fram hefur komið eru skynjanir okkar ávallt bundnar í viðjum tungumálsins, þar sem orð eru oftast en ekki til, til að lýsa þeirri upplifun sem á sér stað (Howes, 2005: 4). En þótt mörg orð geti lýst upplifun verða þau varla jafn sterk og myndmiðillinn og getur hann verið afar mikilvægur, því hann dýpkar upplifunina. Þó hægt sé að koma hugmyndum og skilaboðum á framfæri með texta þykir mér ólíklegt að textinn nái með sama hætti að miðla upplifun minni og annarra af eyjunni. Í kvikmyndinni er ekki stuðst við raddir, „talandi hausa“ eða formleg viðtöl heldur reyni ég að miðla skynjun minni og upplifun þátttakendanna eingöngu með mynd og hljóði úr umhverfinu. Með þessari nálgun er reynt að gefa áhorfandanum tækifæri til þess að skynja, upplifa og „finna“ efni myndarinnar.

6. Kvikmyndin; Konan með vindinn í andlitinu.

Lagt var upp með að vinna þetta verkefni sem sjálfstætt framhald af kvikmynd sem var gerð í námskeiði í sjónrænni mannfræði. Það verk fjallaði einnig um eyjarskeggja og ástæður þess að þetta fólk valdi þennan stað til búsetu. Myndin var í formi hefðbundinnar heimildarmyndar þar sem viðtöl voru tekin við fólk sem búsett er á eyjunni. Spurt var um líf þess og tilveru á eyjunni og ástæður fyrir búsetu þar. Í þessu verkefni leitaði ég aftur til sömu eyjaskeggja, Angelina og Dagmar, sem tóku þátt í fyrri myndinni. Ég lagði upp með að vinna verkefnið í anda Jean Rouch, skapa náið samstarf með viðmælendum ekki síst til að geta betur skilgreint þessa mjög svo persónulegu upplifun sem skynjun er. Hugmynd Rouch um þátttöku mannfræði, sem komið var inná hér að framan, grundavallast á hugmyndinni um sameiginlega mannfræði (e. *shared anthropology*) en Rouch (1971/1978) lagði áherslu á samstarf mannfræðingsins og fólksins á vettvangi í að vinna sameiginlega að þekkingarsköpun. Rouch var jafnframt umhugað um sjálfrýni (e. *reflexivity*) og taldi

mikilvægt að mannfræðingar gerðu sig sýnilegri í verkum sínum. Rouch sagði mannfræðingana alltaf vera part af því samfélagi sem þeir væru að fást við hverju sinni og því ættu verk mannfræðinga að endurspegla þessa samveru og samstarf á vettvangi (Rouch, 1971/1978: 7). Í myndinni *Konan með vindinn í andlitið* lagði ég mikla áherslu á að myndin endurspeglaði samveru okkar þriggja, mína upplifun og skynjun, ekki síður en Angelínu og Dagmars.

Einnig lagði ég upp með hugmyndir Pink um hinn „etnógrafíska stað“ (e. *ethnographic places*) en í bók sinni *Doing sensory ethnography* (2009) fjallar Pink um etnógrafískan stað sem er staður þar sem rannsakandinn og viðmælandinn ná að skapa sér ákveðið rými og samtvinnuáð skilning sinn. Þannig vinna mannfræðingurinn og viðmælandinn að því í sameiningu að komast að ákveðinni þekkingu og skilningi á ákveðnu fyrirbæri eða athöfn með samskiptum sín á milli. Í þessum samskiptum skapast ákveðið rými sem Pink telur að haldist á vissan hátt opið með birtingu þess efnis sem unnið var í þessu tiltekna rými og gerir rýmið þar af leiðandi aðgengilegt fyrir rýnendur efnisins (Pink, 2009: 42). Ég hugsaði mér því að skapa samskonar rými með viðmælendum mínum og miðla því í myndinni.

Upprunalega hugmyndin var að fá áður nefndar konur í samstarf til að vinna í sameiningu að verkefninu m.a að þegar kæmi að upptökum og almennt vinnslu efnisins og þróun. Þær voru í fyrstu, mjög áhugasamar um verkefnið og þátttöku í því en hugmyndir mínar um að fara óhefðbundnar leiðir og byggja myndina ekki upp af viðtölum og „talandi hausum“ fannst þeim erfitt að skilja. Þrátt fyrir að þessar tvær konur séu báðar opnar og skapandi einstaklingar virtist sem hugmyndir mínar um að fara óhefðbundnar leiðir í verkefninu fældu þær frá. Báðar sögðust þær vera mun meðtækilegri og opnari fyrir hefðbundnum leiðum líkt og sitjandi viðtölum fyrir framan myndavél. Hugmyndir mínar um að miðla skynjun þeirra og mikilvægi eyjunnar án viðtala óx þeim svo í augum að þær drógu sig báðar út úr framkvæmd verkefnisins. Þrátt fyrir það byggir kvikmyndin á samtali okkar en það kemur alfarið í minn hlut að miðla því samtali. Þó ekki hafi náðst að skapa samstarf á öllum stigum verkefnisins þá endurspeglar myndin samræður okkar um skynjun þeirra á umhverfinu. Í samræðunum dýpkaði skilningur minn á upplifun þeirra, hlutverki umhverfisins í þeirra daglega lífi og hvernig þær sjá hlutverk sitt í samspili við habitus og skynjun á umhverfinu. Eins og fyrr segir endurspeglar myndin ennþá samtal okkar þriggja en hlutverk mitt í myndinni varð meira en upphaflega var lagt af stað með.

Viðmælendur mínir Angelína og Dagmar eru báðar á besta aldri, önnur norsk og hin hollensk. Þær eru báðar aldar upp í fjölmennu samfélagi borgarumhverfisins í lítilli snertingu við ósnortna náttúru. Báðar eru konurnar glaðlyndar og skapandi einstaklingar og útivinnandi mæður sem kunna að meta að búa í litla samfélaginu á eyjunni. Báðar nefna þær að kyrrð, ró, frið og frelsi sem ráðandi hugtök í lýsingum sínum á skynjun þeirra og verund á eyjunni.

Hlutverk kvennanna eru að mörgu leyti svipuð. Þær eru báðar giftar konur, önnur með uppkomin börn en hin með tvö börn á grunnskólaaldri. Helsti munurinn á þeim er líklega nálægð við stór fjölskylduna og vinina í heimalandinu og þau hlutverk sem því fylgja. Angelína, sú hollenska, minntist á upplifun sína að þurfa ekki að takast á við þau hlutverk sem því fylgja dagsdaglega að vera í sambandi við stórfjölskylduna þar sem hún býr óralangt frá þeim. Það er í raun ákveðinn léttir, þar sem það einfaldar lífið og fækkar hlutverkum en að sama skapi getur það verið dapurlegt að vera svo fjarri ástvinum. Að sjálfsögðu upplifa allir umhverfi sitt misjafnlega og ekki er hægt að ganga út frá því sem vísu að fólk innan sama samfélags upplifi hlutina á sama hátt. Það eru engu að síður ákveðin viðmið og gildi sem ríkja í samfélögum og fólk gengur út frá (Howes, 2005 og Pink, 2009) og eru áherslurnar misjafnar milli samfélaga. Á eyjunni skiptir kyrrð og náttúra miklu máli og talið eftirsóknarvert í umhverfinu. Í myndinni eru þessum þáttum gerð skil bæði í gegnum frásögn Angelínu, Dagmars sem og mig. Þrátt fyrir að líkamar Angelínu og Dagmars séu ekki sýnilegar í kvikmyndinni þá eru raddir þeirra færðar inn í formi texta. Á sama tíma og ég reyni að endurskapa þau augnablik sem þær ræddu við mig um og skynjun þeirra á umhverfinu flétta ég einnig inn í myndina minni eigin skynjun á umhverfinu í tengslum við hugtökin hlutverk og habitus. Ef maður skoðar sjálfan sig og sitt hlutverk í lífinu er trúlegt að habitus manns hafi haft áhrif á mótun þessara hlutverka og hvernig maður lítur á sig í dag. Umhverfi mitt og það fólk sem ég hef umgengst hefur óneitanlega gert mig að þeirri manneskju sem ég er. Einstaklingar líkt og samfélagið eru síbreytileg. Nýjar aðstæður og umhverfi kalla á breytt viðhorf og nýjar upplifun sem þar af leiðandi stuðla að síbreytilegri sjálfsmynd og hlutverkum einstaklinga.

Í samtölunum við Angelínu og Dagmar kom það fram að þeim finnst litla eyjarsamfélagið á eyjunni vera opið og fjölbreytt þrátt fyrir smæð sína. Fólk fær að vera það sjálft. Fólk sem býr þarna sýndu þeim hlýju og vinalegheit þegar þær fluttu til eyjarinnar. Angelína minnst á öryggið sem hún finnur fyrir þarna, hurðir eru

ólæstar, börnin hennar leika sér úti án þess að eiga á hættu að vera numin brott eða verða fyrir bíl. Hún telur þetta umhverfi vera gott til að byggja upp sjálfstæða og sterka einstaklinga sem fá að vera þeir sjálfir. Hún segist vera laus við endalaust áreiti frá nútíma samfélagi með öllum sínum auglýsingarskiltum, neyslu, gylliboðum, útlitskröfum og harðneskjulegri samkeppni en þessum þráðum er gerð skil í myndinni.

7. Lokaorð

Í þessu verkefni hef ég fjallað um skynjun einstaklinga á umhverfi sínu út frá habitus og hlutverkum. Nútímataækni hefur skapað tækifæri með ódýrari og aðgengilegri tækni til að taka upp líðandi stund og deila með umheiminum. Á samskiptamiðlum á veraldarvefnum getur hver sem er komið efni sínu á framfæri og tekið þátt í umræðum um það. Þessi þróun hefur jafnframt skapað mannfræðingum nýja möguleika bæði í þekkingaröflun og í miðlun etnógrafiunnar. Myndmiðillinn er áhugaverður miðill ekki síst vegna þess að hann að gefur tækifæri á að vinna með samspil hljóðs, myndar og texta, ólíkt hinum hefðbundna skrifaða texta. Þessir ólíku miðlunarhættir sem kvikmyndin felur í sér höfða hver og einn til mismunandi skynfæra. Í vinnslu kvikmyndarinnar sem unnin var samhliða þessu verkefni komst ég að því að samspil hljóðs og myndar skiptir sköpum í að búa til skynhrif. Í kvikmyndinni eru ekki viðtöl eða „talandi hausar“ þar sem tilgangur minn með sjónræna verkinu er að áhorfandinn upplifi og skynji efni kvikmyndarinnar eingöngu myndrænt. Ég komst hinsvegar að því að kvikmyndaleiðinni má líkja við nýtt tungumál, erfitt getur reynst að tjá sig á framandi tungumáli ef kunnátta er ekki til staðar. Þegar upp er staðið þá er sama hver miðillinn er hvort um er að ræða ritaðan texta, myndmiðil eða annarskonar miðil, persónuleg upplifun og reynsla einstaklingsins ræður skynjun hans á efninu.

8. Heimildarskrá

- Bourdieu, P. (1977). *Outline of a theory of practice*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Bourdieu, P. (1980). „L'identité et la représentation: Eléments pour une réflexion critique sur l'idée de région,“ *Actes de la recherche en sciences sociales* 35, 63–72.
- Bourdieu, P. (1984). *Distinction: A Social Critique of the Judgement of Taste*. London: Routledge.
- Bourdieu, P. (1990a). *The Logic of Practice*. Í R. Nice (þýddi). Stanford, CA: Stanford University Press
- Bourdieu, P. (1990b). *In other words: Essays towards a reflexive sociology* (M. Admason þýddi). Stanford: Stanford University Press.
- Bourdieu, P. (1998). *La Domination casculine*. Paris: Seuil.
- Braudel, F. (1988-1990). *The Identity of France*, (S. Reynolds þýddi) (2 útgáfa). New York: Harper & Row.
- Calhoun, C. (1997). *Nationalism*. Minneapolis: University of Minnesota Press.
- Chang, H. *Autoethnography as method*. Sótt 12. mars 2013 af vefslóð: www.kssae.or.kr/pds_wolfile/220060425100855.doc
- Cooper, F. og Brubaker, R. (2005). Identity. Í F. Cooper (ritstjóri) *Colonialism in Question: Theory, Knowledge, History*. Berkeley, Los Angeles og London: University of California Press.
- Giddens, A. (1991) *Modernity and Self-Identity: Self and Society in the Late Modern Age*. Cambridge: Polity Press, í samstarfi við Oxford: Blackwell.
- Guðbjörg Vilhjálmisdóttir og Guðmundur B. Arnkelsson. (2005). Kynjamunur í hugrænni kortlagningu starfa. Í *Uppeldi og menntun*, 14(2), 57- 70.
- Goffman, E. (1959). Performance. Í *The Presentation of self in everyday life*. (bls. 28 -83) New York: Doubleday.
- Husserl, E. (1973). *Experience and Judgement: Investigations in a Genealogy of Logic*. L. Landgrebe (ritstj.) J.S. Churchill og K. Ameriks (þýðendur). London: RKP.
- Husserl, E. (1989). *Ideas Partaining to a Pure Phenomenology and to a Phenomenological Philosophy, Second Book, Studies in the Phenomenology of Constitution*. R. Rojecwicz og A. Schuwer (þýddu), London: Kluwer Academic Publishers.
- Howes, D. (2005). Introduction: Empires of the senses. Í D. Howes (ritstj.) *Empire of the senses: The sensual cultural reader*. Oxford og New York: Berg

- Howes, D. og Pink, S. (2010). The future of sensory anthropology/ the anthropology of the senses. Í Debate Section í *Social Anthropology*, 18(3): 331 -333.
- Ingold, T. (2000). *The Perception of the Environment*. London: Routledge.
- Kosik, K. (1976). *The Dialectics of the Concrete*. (Kovanda, K og Schmidt, J. þýddu) Holland: D. Reidel Publishing
- Lau, R.W.K. (2004). Habitus and the Practical Logic of Practice. *Sociology* 38(2), 369-387.
- Lévi-Strauss, C. (1977). *L'identité*. Paris: Presses Universitaires de France
- MacDonald, S. (1978). Hollis Frampton's Hapax Legomena. *After-Image* 5, 8-13.
- Merleau-Ponty, M. (1945/1962). Sense Experience. *Phenomenology of Perception*. (Colin Smith þýddi frá frönsku yfir á ensku) (bls. 207-242). London: Routledge.
- Nadel, S.F. (1951). *The Foundation of Social Anthropology*. Glencoe, IL: Free Press
- Navarro, Z. (2006). In Search of Cultural Interpretation of Power. *IDS Bulletin* 37(6), 11-22.
- Ostrow, J. M. (2000). Culture as a fundamental dimension of experience: A discussion of Pierre Bourdieu's theory of human habitus. Í D. Robbins (Ritstjóri) *Pierre Bourdieu, I*. London: Sage.
- Pink, S. (2003). Representing the Sensory Home; Ethnographic Experience and Ethnographic Hypermedia. *Social Analysis*, 47(3), 46-63.
- Pink, S. (2004). In and Out of the Academy Video Ethnography of the Home. *Visual Anthropology Review*, 20(1), 82-88.
- Pink, S. (2009). *Doing sensory ethnography* (2. Útgáfa). London, Thousand Oaks, Nýju Delhi og Singapore: Sage Publications.
- Ramey, K. (2011). Productive Dissonance and Sensuous Image-Making. *Visual Anthropology and Experimental Film*. Í J.Ruby og M.Banks (ritstjórar), *Made to Be Seen: Perspective on the History of Visual Anthropology*. Chicago: University of Chicago Press.
- Rouch, J. (1971/1978). On the Vicissitudes of the Self. *Studies in Visual Communication* 5(1), 2-7.
- Rouch, J. (1974). The Camera and Man. *Studies in the Anthropology of Visual Communication* 1(1), 37-44.
- Ruby, J. (2000). *Picturing Culture: Explorations of Film & Anthropology*. Chicago og London: University of Chicago Press.
- Schneider, A. og Wright, C. (2006). The challenge of Practice. Í A. Schneider og C. Wright (ritstjórar), *Contemporary Art and Anthropology*. New York: Berg.

- Sen, A. (1985). Goals, Commitment, and Identity. *Journal of Law, Economics, and Organization*, 2, 341–55.
- Shakespeare, W. (1600). *As You Like It*, 2. kafli. 7. þáttur
- Stoller, P. (1984). Eye, Mind and Word in Anthropology. *L'Homme*, 24(3-4), 91-114.
- Stroller, P. (1997). *Sensuous Scholarship*. Philadelphia: University of Pennsylvania Press.
- Swartz, D. (1997). *Culture and Power: the sociology of Pierre Bourdieu*. Chicago og London: University of Chicago Press.
- Tilly, C. (1996). Citizenship, Identity and Social History. Í C, Tilly (ritstjóri), *Citizenship, Identity and Social History*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Tilly, C. (1998). *Durable Inequality*. Berkeley: University of California Press.
- Wacquant, L. (2005). Habitus. Í J. Becket og Z. Milan (ritstjórar), *International Encyclopedia of Economic Sociology*. London: Routledge.
- White, H. (1992) *Identity and Control: A Structural Theory of Social Action*. Princeton, N.J.: Princeton University Press.